

MENNING



Ást Vita Sackville-West átti í sambandi við Virginíu Woolf.

Bloomsbury í nýju ljósi

Bréf ástkonu Virginíu Woolf boðin upp

ÁÐUR óbirt bréf milli tveggja rit höfundu varpa nýju ljósi á hinn þekktu Bloomsbury-hóp sem starf aði í London á fyrstu áratugum síðustu aldar. Meðal félaga í hópnum voru Virginíu Woolf, John Maynard Keynes, E. M. Forster og Lytton Strachey.

Rithöfundurinn Vita Sackville-West var ástkona Virginíu Woolf. Eftir að hún lést átti Sackville-West í bréfaskriftum við yngri skáldkonu, Margaret Howard að nafni. Í bréfunum lýsti hún sambandi sínu við Woolf og dró upp svipmyndir af vinum þeirra og menningarlífinu í London. Sackville-West var fyrirmyndin að titilpersónu einnar þekktustu bókar Woolf, hinni tvíkykna Orlando sem ferðaðist um í tíma.

Bréfaskiptin milli skáldkvemanna tveggja hófust sama ár og Virginíu Woolf framdi sjálfsmorð. „Þú vekur með mér mikinn söknuð eftir Virginíu,“ skrifar Sackville-West. „Hvernig þú kannst að meta snilligáfu hennar og hvað þú ert spennt að hafa uppgötvað skrif hennar. Það er stór áfangi í lífi manns að lesa verk eftir hana í fyrsta skipti.“

Bréfin verða slegin hæstþjóðanda hjá Sotheby's uppboðshúsinu á fimmtudaginn. Þau eru um 150 talsins og spanna tvo áratugi. Sackville-West talar meðal annars um að það orð sem fór af Woolf fyrir að vera kuldaleg hafi verið óverðskuldað. „Virginíu hafði miklu meira til að bera en kaldar gáfur. Hún var mjög hlý og mannleg við þá sem hún elskaði. Það voru að vísu fáir og hún gerði miklar kröfur, en ást hennar og umhyggja var mjög einlæg þegar hún ákvað að veita einhverjum hana.“ *gunnhildur@mbl.is*

Bókmenntir Ljóða- og djassflétta í Mosfellsbæ

LJÓÐASTUND í tali og tónum verður í Listasal Mosfellsbæjar annað kvöld klukkan átta. Jóhann Hjálmarsson og Christopher Burawa lesa úr ljóðum sínum og þýðingum og Trío Carls Möller fléttar inn djasstónum. Tríóð skipa þeir Carl Möller, Guðmundur Steingrímsson og Bjarni Sveinbjörnsson. Tónlistin er eftir Carl Möller og fleiri.

Jóhann Hjálmarsson hefur sent frá sér sautján ljóðabækur, hina fyrstu árið 1956. Christopher Burawa kennir enskar bókmenntir og skapandi skrif við háskólann í Arizona og starfar við ritstörf og þýðingar.



Jóhann Hjálmarsson

Tónlist Slyngur byrjar Sumar í Hömrum

Í JÚLÍ og ágúst stendur Tónlistarfélag Ísafjarðar fyrir tónleikaröðinni Sumar í Hömrum, og verða tónleikarnir yfirleitt á fimmtudagskvöldum kl. 20. Ungt listafólk er í meirihluta þeirra sem fram koma á sumartónleikum.

Tónleikaröðin hefst næsta fimmtudagskvöld kl. 20 með tónleikum tónlistarhópsins Slyngur. Hópin skipa Arnþróður Gísladóttir, sem leikur á þverflautu, Bjarni Frímann Bjarnason, víóluleikari, fiðluleikararnir J. Páll Palomares og Viktor Orri Árnason og Þorgerður Edda Hall sellóleikari.

Aðgangur að tónleikum er ókeypis.




Tónlistarhópurinn Slyngur.

Bókmenntir Upp í himininn og niður í gljúfur

FYRSTU bækur bókaútgáfunnar Opnu komu út fyrir helgina. Önnur fjallar um Jökulsárgljúfur en hin er stór myndabók um stjörnufræði.

Í bókinni *Jökulsárgljúfur: Dettifoss, Ásbyrgi og allt þar á milli* eftir Sigrúnu Helgadóttur er fjallað um landslag svæðisins, lífríkið og fólkid sem hefur byggt það ásamt mótunarsögu þess. Þá fylgir henni gönguleiðakort með tengingum við meginmál bókarinnar.

Höfundur *Ferðar um himingeiminn* er danski stjörnufræðingurinn Jan Teuber. Þar birtist safn af nýjustu ljósmyndum úr himingeimnum.



Bókin *Ferð um himingeiminn*.

Klisjurnar um Ísland

Íslenskir myndlistarmenn eru farnir að fjalla um náttúruna á annan hátt

Eftir Einar Fal Ingólfsson
efi@mbl.is

Á SUMARSÝNINGU Kjarvalsstaða, sem nefnist *Draumar um ægifygurð í íslenskri samtímalist* og var hluti af Listahátíð, birtist ekki hefðbundin sýn listamanna 20. aldarinnar á mikilfengleika íslenskrar náttúru. Þarna eru engin málverk heldur vafrar Laddi um snæhvíta auðn með hlaðna byssu og hleypir við og við af. Við horfum ofan í framkvæmdum rist stíflustæði, sjáum ýkta, tölvugerða draumaheima, ljósmyndir af jökulsporðum og pappírurllur sem blek hefur teiknað í. Sýningarstjórnin, Æsa Sigurjónsdóttir listfræðingur, segir að þegar hún hóf að undirbúa sýninguna, sem fyrst var sett upp í Brussel, hafi það vakið athygli hennar að íslenskir listamenn voru farnir að fjalla um náttúruna á allt annan hátt en þeir höfðu gert áður. „Það varð ákveðinn byrjunarreitir,“ segir Æsa. „Ég vildi vekja athygli á því að íslenskir listamenn væru að fjalla um náttúruna út frá stærri forsendum en áður.“

Listamenn eru ekki að taka náttúruna sem gefna í dag og heldur ekki að taka hana of hátíðlega.“

Þegar landið var ferskt

Elstu verkin eru ljósmyndaröð Vigfúsar Sigurgeirssonar frá um 1930, sem sumar birtust í bókinni *Das Unbekannte Island* sem kom út 1936. „Ég lít á þessar ljósmyndir sem ákveðið arkif og þær eru sýnishorn af þessu ægifygra sjónarhorni sem íslensk landslagsljósmyndun byggir á og síðar varð einhverskonar klisja

um Ísland. Þegar Vigfús byrjar að mynda er landið algjörlega ferskt. Myndir hans eru ákveðinn upphafsreitir á sýningunni.“

Leikið með þjóðlega sýn

Æsa segir tvo þungaviktarmenn sem eru orðnir hluti af okkar klassísku hefð eiga þarna verk, það eru þeir Hreinn Friðfinnsson og Kristján Guðmundsson. Fjalla þeir ekki beint um náttúruna sem slíka heldur spyrja stærri spurninga um tímann.

Mest áhersla er lögð á ljósmyndir og myndbönd og Æsa segist hafa viljað fjarlægja skil milli hópa sem hafa verið áberandi, eins og myndlistarmanna sem taka ljósmyndir og ljósmyndara sem taka ljósmyndir. „Ég vildi reyna að setja fulltrúa þeirra hlið við hlið, en þeir fjalla oft um sömu hlutina þótt þeir fjalli um þá á ólíkan hátt.“

Ólafur Eliásson á hér tvær myndraðir en hann er að sýna hvernig við horfum á náttúruna frá vísindalegu sjónarhorni. Myndaseriur hans vöktu mikla athygli þegar þær komu fram undir lok síðustu aldar og ég held að þær hafi haft mikil áhrif á það hvernig fólk hefur horft á landið og kannski enduruppgötvað Ísland sem landsvæði þar sem enn er hægt að finna ægifygurð.

Fólk skynjar náttúru og umhverfi á nýjan hátt á hnattræna vísu og þessi sýning fjallar um það hvernig íslenskir listamenn bregðast við og túlka þessa nýju upplifun. Þeir eru líka að leika sér með túristaklisjurnar og með þessa þjóðlega sýn sem íslenskir listamenn höfðu á náttúruna áður,“ segir Æsa.



Morgunblaðið/Einar Falur

Breyting „Listamenn eru ekki að taka náttúruna sem gefna í dag og heldur ekki að taka hana of alvarlega,“ segir Æsa Sigurjónsdóttir.

Bleikið færirst til

Verkið Blá færsla eftir Kristján Guðmundsson sýnt í fyrsta sinn á Íslandi

ÞETTA er í fyrsta sinn sem *Blá færsla* er sýnd á Íslandi. Ég sýndi það fyrst árið 1988 í Helsinki, í landi skóganna,“ segir Kristján Guðmundsson um verkið sem nú er sýnt á Kjarvalsstöðum, á sýningunni *Draumar um ægifygurð í íslenskri samtímalist*. Þar standa fimm stórar dagblaðapappírurllur á gólfi og hefur blátt blek dropað niður í endarúllurnar og litad þær.

„Ég kalla verkið *Bláa færslu* þar sem bleikið færirst til, úr einum stað í annan,“ segir hann.

Þetta er í sjöunda skipti sem verkið er sett upp og í fyrsta sinn á Íslandi,“ segir Æsa Sigurjónsdóttir sýningarstjóri. „*Blá færsla* er líklega stærsta verk Kristjáns, sem verk og sem hlutur – þetta eru tæp fimm tonn af pappír. Þótt verkið líti út fyrir að vera skúlptúr þá er þetta teikning sem verður til í tíma. Við sjáum tíma líða þegar við horfum á bleikið renna niður. Svo er þetta líka vísun í það hvað teikning er og hvort það sé hægt að gera teikningu án þess að mannshöndin komi þar nærri,“ segir



Morgunblaðið/Einar Falur

Tímateikning Kristján Guðmundsson tekur tímann á milli fyrstu blekdropanna er láku á pappírurllurnar við uppsetningu verksins *Bláa færslu*.

Æsa. Kristján segir bleikið yfirleitt vera um þrjá sólarhringa að leka úr flöskunum – svo sígi það niður í rúllurnar. „Þetta er í raun „performans“-teikning, og skúlptúrteikning líka, og tímaverk. Þetta kemur inn á ýmislegt. Verkið er sett af stað og svo gengur það.“

Hann segir verkið hafa verið nokkuð mismunandi í uppsetningum, rúllurnar á Kjarvalsstöðum séu þær stærstu sem hann hefur notað. „Þegar verkið er búið, sýningunni lýkur, þá er hægt að gefa þennan pappír í leikskóla, að minnsta kosti rúllurnar sem ekkert blek er á.“

Annars get ég gert mörg þúsund teikningar, með því að hefja utan af rúllunum,“ bætir Kristján við hugsi, „og sjá hvernig þetta lítur út að innanverðu. Það gæti verið forvitnilegt að röntgenmynda rúllurnar.“

efi@mbl.is